



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/287*  
*komudagur 21.11.2007*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2007

0711331SA GB/gk  
Tilv.: 096

### **Efni: Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga**

Málið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi dags. 2. nóvember 2007. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að viðskiptaráðherra verði falið að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkafyrirtækjum og hvort þessi fyrirtæki hafi eftt samkeppnisstöðu sína á undanförunum árum. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðherra athugi í hve miklum mæli stofnanir og fyrirtæki hins opinbera sinni verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu leyst jafn vel eða betur fyrir minna fé.

Hlutverk og verkefni hins opinbera hljóta stöðugt að vera til endurskoðunar. Starfsumhverfi fyrirtækja hefur gjörbreyst hér á landi á undanförunum árum. Jafnframt hafa umsvif hins opinbera dregist saman. Sama þróun hefur átt sér stað í flestum nágrannaríkjum. Á vettvangi Evrópusambandsins á sér nú stað mikil umræða um skilgreiningu og afmörkun almannaþjónustu sem opinberir aðilar veita. Bæði ríki og sveitarfélög þurfa að fylgjast mjög grannt með þeirri umræðu og hugsanlegum tillögum að nýrri löggjöf sem kann að verða lögð fram af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þær athuganir sem farið er fram á í þingsályktuninni geta verið mikilvægt innlegg í slíka umræðu.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur ríka áherslu á að sveitarfélögunum og fyrirtækjum í þeirra eigu verði tryggðar góðar aðstæður til að sinna almannaðjónustu við íbúa sína. Á ýmsum sviðum skortir verulega á að fyrirtæki sveitarfélaga starfi í nægilega hagstæðu rekstrarumhverfi. Má þar sérstaklega benda á að skattar og önnur gjöld sem sveitarfélögin greiða vegna almenningsgangna eru mun hærri en gildir um fyrirtæki sem reka hópferðabifreiðar. Er mikilvægt að þetta ósamræmi verði leiðrétt án tafar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs